

# Fundargerð

## 1. Almennar upplýsingar

---

- 1.1. **Heiti verkefnis:** Blástur og tengingar á ljósleiðarakerfi Leiðarljóss í Kjós
- 1.2. **Dagsetning:** 11.2.2019 **Fundartími:** 9:00 – 10:00
- 1.3. **Staður:** Ásgarður í Kjós
- 1.4. **Höfundur:** Guðmundur Daníelsson (GD)
- 1.5. **Mættir:** Guðmundur Daníelsson (GD), Kjartan Ólafsson (KÓ), Eiríkur Sæmundsson (ES), Sigríður Klara Árnadóttir (SKÁ), Karl M. Kristjánsson (KK).

## 2. Dagskrá

---

- 2.1. Útistandandi mál frá síðasta verkfundi.
- 2.2. Framgangur við þann áfanga sem unnið er við.
- 2.3. Næstu skref og áfangar.
- 2.4. Önnur mál er varðar efni fundarins.

## 3. Umræður

---

- 3.1. Öll útistandandi mál frá síðasta verkfundi er afgreidd og gögn komin í hendur þeirra sem málið varðar.
- 3.2. Unnið er við blástur strengja í heimtaugarrör í áfanga #2. Búið er að blása um 3km af streng og gengur vel miðað við veður og aðstæður. ES taldi að næstu tvær vikur færu í blástur á heimtaugum ásamt uppsetningu á boxum hjá notendum í áfanganum og þá yrði hafist handa við blástur á stofnstrengjum.
- 3.3. Skv. ES verður áfram unnið í áfanga #2 fram að næsta verkfundi. Eftir næstu viku (í viku 9) yrði hafist handa við blástur á stofnstrengjum sem tengjast kerfismiðjunni og gengið frá skápum og búnaði inni í kerfismiðjunni.
- 3.4. ES spurðist fyrir um undirbúning og framkvæmd við aukaverk, svo sem niðursetningu brunna. GD sendir KÓ form/eyðublað sem fylla ber út fyrir hvert aukaverk. KÓ sér um útfyllingu þess, samþykkt aukaverka og framkvæmd þeirra eftir atvikum.
- 3.5. Nýr brunnur í Eilífsdal ræddur. KÓ ákveður staðsetningu brunnsins og leiðbeinir Rafal vegna málsins. Brunnur er til á „lager“ í Kjósinni skv. KÓ.
- 3.6. GD óskaði eftir því að ES kæmi með uppfærða verkáætlun fyrir verkefnið í heild sinni á næsta verkfund, nú þegar betri yfirsýn og „tilfinning“ er fengin fyrir aðstæðum og staðháttum.
- 3.7. Næsti verkfundur ákveðinn mánudaginn 18. febrúar klukkan 9:00 í Ásgarði.

## 4. Niðurstaða / Næstu skref

---

- 4.1. GD sendir KÓ form vegna aukaverka.
- 4.2. ES sendir verkáætlun fyrir verkið í heild sinni fyrir næsta verkfund og/eða kemur með á fundinn.